

Innkaupastefna Seyðisfjarðarkaupstaðar

Stefna

Stefna Seyðisfjarðarkaupstaðar er að innkaup hans stuðli að hagkvæmum rekstri og fjárfestingum og hvetji um leið til nýsköpunar og framsækkinnar þróunar í atvinnulífi, með virðingu fyrir umhverfi og samfélagi að leiðarljósi.

Framkvæmd

Seyðisfjarðarkaupstaður stuðlar að framkvæmd innkaupastefnu kaupstaðarins með eftirfarandi hætti:

Áhersla er lögð á að stjórnsýsla við innkaup sé vönduð, jafnræðis seljenda sé gætt og stuðlað að virkri samkeppni.

Áður en innkaup eru gerð er þörfin vandlega yfirfarin út frá sjónarmiðum notenda.

Innkaup eru markviss og skipulögð og unnin eftir innkaupareglum Seyðisfjarðarkaupstaðar sem eru skýrar og gegnsæjar.

Innkaup stofnana og fyrirtækja kaupstaðarins eru samræmd eftir föngum.

Við innkaup er tekið tillit til verðs, gæða, umhverfisáhrifa og líftímakostnaðar.

Innkaupastefna og innkaupareglur eru vel kynntar fyrir því starfsfólki sem kemur að innkaupum kaupstaðarins. Starfsfólk fær reglulega fræðslu og þjálfun sem eflir færni þess á sviði innkaupa.

Lögð er áhersla á að finna nýjar lausnir sem geta leyst betur þarfar kaupstaðarins á með háþróun virðis aðfanga að leiðarljósi.

Innkaupastefna verður hluti af og tekur mið af framtíðarstefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Verklag við kaup á vörum, þjónustu og verkum er nánar útfært í innkaupareglum Seyðisfjarðarkaupstaðar sem fylgja ákvæðum laga og reglna um innkaup.

Innkauparáð hefur yfirumsjón með framkvæmd, samræmingu og þróun innkaupa hjá kaupstaðnum. Innkauparáð sér um að kynna innkaupastefnu- og innkaupareglur fyrir starfsfólki og er til ráðgjafar um innkaup. Innkauparáð sér um reglulega fræðslu og þjálfun fyrir starfsfólk sem sinnir innkaupum. Innkauparáð setur árlega markmið um árangur innkaupa í samræmi við innkaupastefnuna. Það fylgir markmiðum eftir, metur framkvæmd þeirra og sér um að nauðsynlegar úrbætur nái fram að ganga. Þannig er stöðugt unnið að því að bæta verklag innkaupa Seyðisfjarðarkaupstaðar til að sem bestur árangur náist fyrir rekstur kaupstaðarins.

Samþykkt í bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar 13. febrúar 2013